



# STÍGAKERFI AKUREYRAR

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI AKUREYRAR 2018-2030

### SKIPULAGSLÝSING

Á fundi skipulagsráðs þann 14. febrúar 2018 var samþykkt að hefja skipulagsvinnu fyrir stígakerfi Akureyrar. Skipulagið er unnið í samstarfi Teiknistofu Norðurlands og Landmótunar fyrir Akureyrarkaupstað. Skipulagslýsing þessi gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Í lýsingu koma fram upplýsingar um viðfangsefni, forsendur og fyrirhugað skipulagsferli. Með kynningu skipulagslýsingar er óskað eftir að íbúar, umsagnar- og hagsmunaaðilar leggi fram ábendingar og sjónarmið sem að gagni koma við skipulagsvinnuna.

#### VIÐFANGSEFNI

Um er að ræða stefnumörkun um stígakerfi Akureyrar og felur breytingin í sér uppfærslu á texta í greinargerð og skipulagslínunum á þéttbýlisuppdrætti. Breytingin verður sett fram á breytingarblaði. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin heildaráætlun um stígakerfi Akureyrar þar sem gerð verður grein fyrir nánari útfærslum og skal sú áætlun vera til hliðsjónar fyrir allar framkvæmdir og skipulagsvinnu í bæjarfélaginu.

#### Breyting á greinargerð

Texti í greinargerð er uppfærður eftir atvikum þar sem skilgreind er flokkun stígakerfisins. Gert verður grein fyrir tegund stíga og hlutverki. Séruppdráttur á blaðsíðu 136 verður fjarlægður.

#### Breyting á þéttbýlisuppdrætti

Skipulagslínur stígakerfis verða uppfærðar og skilgreindar sem stofn-, tengi-, útivistar- og reiðstígar. Í núgildandi aðalskipulagi eru stígar skilgreindir sem göngu- og/eða hjólaleiðir, reiðleiðir og útivistarleiðir.

#### Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Eftirfarandi texti er samantekt um stígakerfi úr greinargerð aðalskipulags. Með breytingu á aðalskipulagi verður viðeigandi texti uppfærður eftir nýjum forsendum og frekari skilgreiningum bætt við þar sem við á.

Markmið Bls. 21	Tryggðar verði samfelldar, samþættaðar og öruggar samgönguleiðir fyrir, akandi, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samgönguleiðir tryggja hagkvæmar leiðir milli staða og auðveld skipti milli samgöngumáta til að stuðla að lægri ferðakostnaði og minni mengun. Göngu- og hjólaleiðir verði sniðnar að þörfum notenda þeirra og sérstakt tillit verði tekið til aðgengis fatlaðs fólks. Unnið verði áfram að tengingu göngu- og hjólastíga við nágrennsveitarfélögin.
--------------------	---

3.6.3  
Göngu-  
hjólreiða- og  
reiðstígar  
Bls. 134

Stefna Akureyrarkaupstaðar er að vera meðal vistvænustu sveitarfélaga landsins. Stígar eru ætlaðir til að flytja gangandi, hjólandi og riðandi umferð. Þeir eiga helst að vera aðskildir frá gatnakerfinu af öryggisástæðum ásamt þægindum, svo sem að vera fjarri umferðarhávaða og mengun. Stígar eru oft nauðsynlegir til að tryggja örugga leið skólubarna til og frá skóla, til íþróttar og útivistar. Stígar gegna einnig miklu hlutverki á útivistarsvæðum, í ósnortinni náttúru og annars staðar þar sem bílaumferð á ekki heima. Akureyrarkaupstaður á að gera íbúum kleift að nýta sér reiðhjól sem samgöngutæki með því að útfæra reiðhjólbrautir/hjólareinar sem samgönguleiðir. Útfæra skal samfelld, vandað og öruggt stígakerfi um bæjarlandið allt, þar á meðal útivistarsvæði og opin svæði, og verði það tengt stígakerfum nágrennsveitarfélaga.

2.1.26.  
Vegir, götur  
og stígar  
bls. 87-89

Haldið verður áfram að byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstíganet bæjarins á grunnni framkvæmdaáætlunar um þá uppbyggingu. Því er ætlað að tengja hverfin saman sem og að tengjast nágrennsveitarfélögunum. Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á þessum stígum til að tryggja öryggi sjón- og heyrnarkertra. Aðskilja skal stíga frá bílagötum þar sem það er unnt, og nota trjágróður til þess þar sem það hentar.

#### TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

##### Landsskipulagsstefna 2015-2026


3.5  
samgöngur Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta. Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

##### Nærliggjandi sveitarfélög

Í núgildandi aðalskipulögum nærliggjandi sveitarfélaga (Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur) er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum meðfram þjóðvegum að Akureyri.

#### ÁHRIFAMAT

Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 felur ekki í sér heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Aðalskipulagsbreytingin fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.



Þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030

#### SKIPULAGSFERILL

Þessi skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og á vef Akureyrarbæjar <http://www.akureyri.is/> og aðgengileg í Ráðhúsi. Í framhaldi verður unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Eftir það afgreiðir skipulagsnefnd og bæjarstjórn tillöguna til auglýsingar og verður hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Að teknu tilliti til ábendinga stofnunarinnar verður tillagan svo auglýst með athugasemdafrest í 6 vikur. Þá gengur skipulagsnefnd frá breytingu á aðalskipulagi til samþykktar hjá bæjarstjórn og verður aðalskipulagsbreytingin send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar en stofnunin auglýsir gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Stefnt er að því að breytingin taki gildi í maí 2019. Áætlaður tímaferill skipulagsvinnunnar er:

Skipulagslýsing auglýst, athugasemdafrestur 4 vikur	nóvember 2018
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu unnin	desember-janúar 2019
Drög kynnt á íbúafundi	febrúar 2019
Tillaga í yfirferð hjá Skipulagsstofnun	febrúar/mars 2019
Auglýsing tillögu, athugasemdafrestur 6 vikur	mars/apríl 2019
Samþykkt í bæjarstjórn	apríl 2019
Staðfesting Skipulagsstofnunar og gildistaka auglýst	maí 2019

#### Umsagnaraðilar og ábendingar

Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum frá íbúum, hagsmuna- og umsagnaraðilum. Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akureyrarbæjar. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar "Aðalskipulagsstígakerfi" og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram.

Þær skal senda á:

#### Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

Geislagata 9, 600 Akureyri  
eða á netfangið [skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is)

Leitað verður umsagna til eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Vegagerðin
- Nærliggjandi sveitarfélög: Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur
- Samráðshópar á Akureyri